

Seyðisfjörður
Ólafur Sigurðsson, bæjarstjóri
Hafnargötu 44
710 Seyðisfjörður

Reykjavík, 21. ágúst 2001

/--

**Efni: Lagning vegar af Stafdal að fyrirhuguðu garðstæði á Brún, Seyðisfirði.
Matsskylda.**

Vísað er til erindis Seyðisfjarðarkaupstaðar dags. 8. ágúst 2001, þar sem óskað er leiðbeiningar Skipulagsstofnunar á því hvort fyrirhuguð gerð vegar frá Seyðisfjarðarvegi við Stafdal að stæði snjóflóðavarnargarðs á Brún, Seyðisfirði, kunni að vera háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 6. gr. og lið 10b í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt meðfylgjandi gögnum framkvæmdaraðila er um að ræða nýlagningu vegar á um 5,4 km kafla frá Stafdal að garðstæði á Brún. Vegna framkvæmdanna er fyrirhugað að taka um 12 þús. m³ af efni úr skeringum og um 8 þús. m³ úr námum nálægt veginum, aðallega úr eyrum Stafdalsár og í Haugunum. Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir við veginn á árinu 2001 og er stefnt að því að þeim verði lokið árið 2002 þegar fyrirhugað sé að hefja framkvæmdir við þvergarð á Brún í Bjólfi.

Framkvæmdirnar falla ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum þar sem þær eru ekki í flokki framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka með lögunum. Því telur Skipulagsstofnun að ákvæði 6. gr. laganna eigi ekki við þær framkvæmdir sem hér um ræðir.

Í samræmi við 27. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. þarf framkvæmdaaðili að sækja um framkvæmdaleyfi til bæjarstjórnar vegna vegagerðarinnar. Bæjarstjórn þarf að óska meðmæla Skipulagsstofnunar samkvæmt 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga áður en hún getur afgreitt framkvæmdaleyfið þar sem ekkert aðalskipulag er í gildi á viðkomandi svæði.



Óli Halldórsson

Afrit: Náttúruvernd ríkisins